

## Erindisbréf

### starfshóps um byggingu aðstöðuhúss í Kirkjuhvammi

Lagt fram á byggðarráðsfundi þann 24. júní 2024.

#### Stjórnskipuleg staða

Starfshópur um byggingu aðstöðuhúss í Kirkjuhvammi, tilnefndur á 1217. fundi byggðarráðs þann 24. júní 2024 heyrir undir sveitarstjórn. Í starfshópnum sitja eftirtaldir fulltrúar:

- Tveir fulltrúar úr sveitarstjórn, einn úr meirihluta og einn úr minnihluta. Fulltrúi meirihluta er jafnframt formaður hópsins.
- Einn fulltrúi frá Ungmennafélaginu Kormáki, skipaður af félaginu.
- Einn fulltrúi frá Ungmennasambandi Vestur-Húnavatnssýslu, skipaður af sambandinu.
- Rekstrarstjóri.

Starfsmaður hópsins er sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

#### Hlutverk starfshópsins er að:

- Gera tillögu að framkvæmd byggingar aðstöðuhússins í samræmi við þær teikningar sem fyrir liggja unnar af Verkís ásamt gildandi deiliskipulagi.
- Setja fram fjárhags- og tímaáætlun fyrir verkefnið byggt á fyrirbyggjandi teikningum.
- Gera tillögu að fyrirkomulagi á rekstri hússins.

#### Starfshættir

Hópurinn skal rita fundargerðir sem lagðar eru fyrir sveitarstjórn að hverjum fundi loknum. Starfsmaður nefndarinnar færir fundargerðir í fundargerðakerfi sveitarfélagsins. Hópurinn hefur heimild til að kalla þá til fundar sem nauðsyn þykir vegna starfa sinna.

Starfshópurinn skal starfa frá 1. júlí 2024 til 15. september 2024. Á þeim tíma er starfshópnum heimilt að halda allt að 4 fundi. Leita þarf heimildar sveitarstjórnar ef halda þarf fleiri fundi en þá sem tilgreindir eru á þessu tímabili. Hópnum er ekki heimilt að stofna til útgjalda án heimildar sveitarstjórnar.

Samþykkt á 1217. fundi byggðarráðs sem haldinn var 24. júní 2024. Í samræmi við 5. mgr. 32. gr. samþykktar um stjórn Húnaþings vestra nr. 15/2024 fer byggðarráð með sömu heimildir og sveitarstjórn hefur ella til fullnaðarafgreiðslu mála í sumarleyfi sveitarstjórnar.

*Magnús Magnússon*  
Elin Lilja Gunnarsd.  
Magda V. Sveinels